

FUNDARGERÐ

Aðalfundur GHG 2025			1
Dags. fundar	Tími	Málalykill	Nr. fundar
9.des 2025	20:00 – 22:20		
Fundarstjóri	Fundarritari		Dags.
Kristinn Kristjánsson	Anna Pála Víglundsd.		
Fundarmenn			
34 félagsmenn sóttu fundinn			

Lýsing	Ábyrgð	Lokið fyrir
1. Setning fundar, skipan fundarstjóra og fundarritara: Þórhallur Einisson varaformaður setti fund í fjarveru formanns sem boðaði forföll vegna veikinda. Þórhallur bar upp tillögu um fundarstjóra og fundarritara Kristinn Kristjánsson fundarstjóri Anna Pála Víglundsdótti ritari Samþykkt með lófaklappi Þar sem dagskrá, ársreikningur og aðrir pappírar liggja frammi á heimasíðu GHG er þeim gögnum ekki dreift á fundinum og hann þar með pappírslaus.		
2. Skýrsla stjórnar starfsárið 2025: Þórhallur varaformaður flutti skýrslu stjórnar í fjarveru formanns. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu GHG og ekki endurflutt hér. Í skýrslunni er farið yfir helstu áhersluatriði í starfi klúbbsins liðið starfsár og störf nefnda. Fundarstjóri bauð fundarmönnum að spyrja út í efni skýrslunnar. Engar spurningar komu úr sal.		
3. Ársreikningur 2025: Sveinn Ingvason gjaldkeri fór yfir reikninginn sem er aðgengilegur og öllum opinn á heimasíðu GHG. Helstu niðurstöður eru að mikil aukning var á spiluðum hringjum á vellinum svo flatargjöld hafa aukist um 5,5 milljónir milli ára. Þá fjölgaði félagsmönnum mikið svo og aukafélögum sem eru aðallega félagar hjá Golfklúbbi Borgarstarfsmanna og Starfsmannafélagi Landsvirkjunar. Afkoma ársins var hagnaður upp á 15.300.000.- og handbært fé um 21.000.000.- Fundarstjóri opnaði umræður um ársreikninginn, engar spurningar komu fram og bar hann Ársreikninginn fyrir árið 2025 upp til atkvæða og var hann samþykktur samhljóða.		
4. Félagsgjöld: Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar um 8 % hækkun félagsgjalda milli ára. Umræður:		

Lýsing	Ábyrgð	Lokið fyrir
Erlingur Arthursson lagði til að uppfæra allar tölur upp í næsta þúsund, vera ekki með 500 krónur. 3 greiddu atkvæði með og 8 voru á móti. Þuríður Gísladóttir spurði um forsendur fyrir hækkuninni. Svar að verið væri að fylgja verðlagsþróun. Rannveig Einarsdóttir lagði til að samþykkja tillöguna eins og stjórn lagði hana fram. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.		
5. Fjárhagsáætlun 2026: Sveinn gjaldkeri kynnti og fór ítarlega yfir forsendur Fjárhagsáætlunar fyrir árið 2026. Helstu lykiltölur eru: Teljur: 8% hækkun félagsgjalda, 7% samdráttur flatargjalda og tekjur samtals verði 82.5 millj., 1% hækkun frá fyrra ári. Gjöld: Launaliðir hækka um 6.6% og gjaldaliðir alls um tæp 12% og verða gjöld samtals 74.3 millj. Afkoma ársins 2026 verði jákvæð um 8.5 millj. Umræður um fjárhagsáætlun: Spurt um bílastæði, hvort gert væri ráð fyrir einhverjum fjármunum í það. Svar, gert ráð fyrir 130 þús. Elías Óskarsson lagði til að virkja bílastæðið sunnan við skála, við gamla húsið, til að léttja á aðalbílastæðinu sem er yfirleitt fullt. Sigurjón Sigurðsson spyr um hvort til standi að gera endurbætur á æfingasvæðinu. Einar Lyng svaraði því játandi og að settar yrðu nýjar mottur og byggt yfir palla. Fundarstjóri bar Fjárhagsáætlun 2026 upp til atkvæða og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.		
6. Lagabreytingar: Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar að breytingum á 7. Grein í lögum GHG. Tillagan var send út með fundarboði aðalfundar og er aðgengileg á heimasíðu ásamt öðrum fundargögnum og verður hún ekki endurrituð hér. Tillagan snýr að því að fella niður Forgjafar- og laganefnd með þeim rökum að eftir að nýtt forgjafarkerfi kom til sögunnar 2020 og allt skor leikmanna skráð inn í GolfBox, þá hefur starf forgjafarnefndar sjálfkrafa lagst af. Allar tillögur að lagabreytingum sem leggja á fyrir aðalfund eiga að koma inn á borð stjórnar samkvæmt lögum félagsins og mun þá stjórn auglýsa þær með aðalfundarboði, þ.a.l. hefur laganefnd í raun ekkert hlutverk. Hlutverk Uppstillinganefndar er að leggja fram tillögur á aðalfundi um frambjóðendur til stjórnar og annara embætta sem kjósa skal um hverju sinni samkvæmt lögum GHG. Skulu tillögur nefndarinnar liggja fyrir eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Fyrirliggjandi breyting á 7. Grein laga GHG samþykkt með öllum greiddum atkvæðum		

Lýsing	Ábyrgð	Lokið fyrir
7. Kosningar a) Kosning formanns. Vignir Demusson formaður óskar eftir að stíga til hliðar af persónulegum ástæðum og kosið er því um formann til eins árs. Sigurður Egilsson gefur kost á sér og var hann kjörinn með öllum greiddum atkvæðum með lófaklappi. b) Kosning þriggja stjórnarmanna til tveggja ára: Sveinn Ingvason gefur kost á sér áfram og eftirtaldir gefa einnig kost á sér í stjórn: Ásta Björg Ásgeirsdóttir, Brynja Hrafnkelsdóttir Þuríður Gísladóttir. Erlingur A. vildi koma á framfæri að hann teldi Svein eiga fullt erindi áfram í stjórn vegna vel unninna starfa sem gjaldkeri. Gengið var til atkvæðagreiðslu og var Elías Óskarsson tilnefndur Kjörstjóri og Rakel Árnadóttir til aðstoðar. Niðurstaða atkvæðagreiðslu var eftirfarandi og réttkjörin voru í stjórn: Sveinn hlaut 25 atkv. Ásta Björg hlaut 23 atkv. Brynja H. hlaut 22 atkv. c) kosning 3 varamanna: Hjörtur Árnason Arnar Geir Helgason Gunnar Árnason Gefa þeir allir kost á sér áfram og voru endurkjörnir með lófataki. d) Kosning skoðunarmanna til eins árs Tillaga um Gísla Pál Pálsson og Steindór Gestsson. Til vara Eyvindur Bjarnason. Samþykkt samhljóða.		
8. Viðurkenningar til félagsmanna: Einar Lyng og Þórhallur Einisson afhentu viðurkenningar. Háttvísibikarinn/félagi ársins, hlaut Guðlaug Jónsdóttir og þakkaði Einar henni sérstaklega fyrir m.a. mikla aðstoð í skála. Bikarinn er gefinn af GSÍ til klúbbsins. Innanfélagsmótaröðin, verðlaunahafar voru eftirtaldir: - Kvennaflokkur: Hrund Guðmundsdóttir Ásta Björg Ásgeirsdóttir Elaine McCrorie - Karlaflokkur: Björn Ásgeir Björgvinsson Magnús Sigurður Jónasson Sigurður Egilsson		

Lýsing	Ábyrgð	Lokið fyrir
Vinningshafar fengu að launum gjafabréf í golfherminn. Kveðja til fráfarandi stjórnarmanna, veitt blóm og barmmerki: Vignir Demusson Ólafur Ragnarsson Anna Pála Víglundsdóttir Voru þeim sérstaklega þökkun vel unnin störf fyrir GHG á undanförunum árum og mikilvægt framlag til reksturs GHG . Þá var komið að útnefningu Heiðursfélaga Golfklúbbs Hveragerðis. Fram kom að langt er síðan slík útnefning hefur farið fram en nú verða tveir félagar sem hafa verið öflugir í starfi GHG um langt árabíl útnefndir. Júlíus Rafnsson Heiðursfélagi GHG Júlíu Rafnsson hefur verið ötull stuðningsmaður Golfklúbbs Hveragerðis í gegnum árin og hefur hann og fyrirtæki hans stutt við og styrkt klúbbinn á margvíslegan hátt. Fyrsta mótið sem hann kom að og hélt var Opna Ás Ásbyrgismótið og var það haldið 25. ágúst 2001. Fjölmörg mót hafa verið haldin á þessum árum sem eru liðin frá fyrsta mótinu og enn fremur hefur Ás verið einn af styrktaraðilum klúbbsins. Á þessu rekstrarári gaf Júlíus síðan golfklúbbsnum golfbílinn sinn ásamt kerru undir hann og kunnum við honum bestu þakkir fyrir hans höfðinglegu gjöf. Júlíus, bestu þakkir fyrir velvild og góðan hug í garð Golfklúbbs Hveragerðis í gegnum árin. Erlingur Arthúrssen Heiðursfélagi GHG Erlingur hefur starfað fyrir Golfklúbb Hveragerðis í 21 ár, þar af 9 ár sem formaður og önnur 9 ár í aðalstjórn klúbbsins. Erlingur kom fyrst að starfi fyrir GHG árið 2001 þar sem hann var formaður mótanefndar allt til 2004 þegar hann var kosinn formaður klúbbsins. Hann hefur um langt árabíl keppt fyrir hönd GHG á alþjóðlegum vettvangi sem liðsmaður landsliðs eldri kylfinga.. Erlingur hefur einnig starfað á vettvangi stjórnar LEK – Landssambands eldri kylfinga - á undanförunum árum samhliða stjórnarstörfum hér í Golfklúbbsi Hveragerðis.. Af þessu má sjá að Erlingur er svo sannarlega vel að nafnbótinni Heiðursfélagi Golfklúbbs Hveragerðis komin. Óskum við honum innilega til hamingju og þökkum honum hans mikla framlag til klúbbsins.		
9. Önnur mál: Kristinn K fundarstjóri spurði um hvort ekki mætti fjárfesta í mikrafóni, full þörf væri á að veita hljóði betur um salinn. Einar sagði slíkan grip nú þegar í eigu félagsins.		

Lýsing	Ábyrgð	Lokið fyrir
Fundarstjóri spyr einnig um fundarhamar og ræðupúlt, svoleiðis gripir væru nauðsynlegir við fundarstjórn. Fram kom að þeir gripir hafi verið til hér áður fyrr, en verið lánaðir og ekki skilað sér aftur. Skoða þyrfti það mál. Daði Ingimundarson þakkaði stjórn og starfsfólki fyrir frábær störf. Óskaði Erlingi til hamingju með heiðursútnefninguna. Ræddi hann um málefni 60+ hópsins, eldri félaga, sem hann og Hjörtur Árnason ætla að kalla saman á fund í janúar. Sagði hann það hamla þátttöku í starfinu að margir væru enn í vinnu og hefðu ekki tök á að taka þátt í morguntímum sem hefðu verið í boði. Taldi hann það vera til bóta ef hægt væri að bjóða upp á síðdegistíma líkt og Kvennagolfið. Þá lagði hann til að þessir heldri kylfingar fái tímann í golfherminn á 2.000 kr. í stað 2.500, t.d. frá kl. 8-12 á virkum dögum. Einar Lyng lagði þá til að lækka í kr. 2.000 fyrir alla félagsmenn. Var það samþykkt samhljóða. Kolbrún Bjarnadóttir spurði um 6. teig og hvort ekki væri tímabært að setja grindur til að verjast boltum í leik á 5, braut. Svarað var að til stendur að setja þær upp næsta sumar. Spurði hún einnig um hve margir væru í mótanefnd og benti á að gott væri að fá fleiri sem kynnu á kerfið við að setja upp mót í tölvunni. T.d. væri gott að kona væri í nefndinni og kynni á þetta. Fram kom að þrír eru nú í mótanefnd. Eyvindur Bjarnason spurði hvort ekki mætti gera um útprentaðar leiðbeiningar vegna nýja kerfisins, GsPro í golfherminum. Einar Lyng ætlar að redda því. Auðunni Guðjónsson sýndi glærur með súluriti, upplýsingar um þróun rekstrar og fjárhags GHG frá 2009 til dagsins í dag á föstu verðlagi. Má glögglega sjá að viðsnúningur verður í rekstrinum um 2016 til batnaðar en rekstur hafði verið þungur fram að því. Var þetta afar fróðleg og skemmtileg samantekt. Voru Auðunni færðar þakkir fyrir þetta framtak. Vegna umræðu um póstuðsendingar til félagsmanna sagði Einar Lyng að ef fólk væri ekki að fá póst og fréttir frá klúbbum þá væri það stillingamál hjá viðkomandi í símanum. Allur póstur færi um Golfbox og tilkynning um slíkan póst kæmi til viðkomandi með hefðbundnum tölvupósti. Einar kynnti að áformuð væri ferð til Spánar í apríl n.k. og verður ferðin auglýst á morgun á heimasíðu GHG. TA sport er með þessa ferð og hafa GHG félagar forgang til 5.janúar að bóka. Brynja Hrafnkelsdóttir spurði um nýju golfbrautirnar sunnan við 5. braut, hvort væri komið plan um framhaldið. Þórhallur E. svaraði að hefðu verið miklar, m.a. vegna vinnu við breytingu á deiliskipulagi á svæðinu. Einnig hefði reynst örðugt að fá vélar til verksins. Fyrirspurn kom um hvort þetta væri stækkun á vellinum eða varabrautir.		

Lýsing	Ábyrgð	Lokið fyrir
Þórhallur svaraði að skipulagið gerði ráð fyrir 12 brautum þegar stækkun væri lokið. Spurt um hvort fyrirhugaðar væru fleiri breytingar á vellinum. Svarað var að það væri ekki á döfinni en völlurinn þó alltaf í sífelldri þróun. Nýkjörinn formaður, Sigurður Egilsson tók næst til máls og þakkaði fyrir traustið sem honum er sýnt með formannskjörinu. Fleira ekki gert og fundi slitið kl.22:20		